




INNRA MAT Í HAGASKÓLA

skýrsla unnin í september 2025 með niðurstöðum mats skólaárið 2024-2025 og
umbótaþáttum fyrir skólaárið 2025-2026

1. Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Hagaskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum gæðaviðmiðum um skólastarf, menntastefnu Reykjavíkurborgar og áherslum skólans. Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennsku/ þróunarteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagteyminu eru Arna Sif Ásgeirsdóttir, Aðalsteinn Haukstein Oddsson, Anna Þyrí Hálfðanardóttir, Gunnar Gunnsteinsson, Sandra Óskarsdóttir, Vilborg Guðrún Sigurðardóttir, Sigríður Nanna Heimisdóttir og Tryggvi Már Gunnarsson.

Teymið fundar tvisvar sinnum á önn, annars vegar til þess að undirbúa umræðufundi og hins vegar til þess.

Hagaskóli notar vefkerfið BRAVOLesson til að halda utan um innra matið.

2. Langtímaáætlun og áætlun fyrir skólaárið

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en nákvæm verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Gæðaviðmið um skólastarf

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram 2 sinnum á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagteymi í skólans.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna, Orðarún (lesskilningspróf) og matsferil (þegar hann verður tilbúin).

Viðhorf og líðan

Viðhorfskannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir slembiúrtak nemenda skólans einu sinni í mánuði. Þeir þættir sem eru marktækt yfir meðaltali eru taldir með styrkleikum skólans en þeir þættir sem eru marktækt undir meðaltali fara í umbótaferli. Einnig er skoðað hvernig niðurstöður skólans þróast yfir tíma og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Opin svör eru flokkuð og greind og sett í styrkleika eða umbætur eftir því sem við á.

Innlit í kennslustundir

Stjórnendur sitja kennslustundir hjá öllum kennurum og meta gæði þeirra samkvæmt matslista um gæðakennslustundir sem unninn var af kennarahópnum þar sem notast var við fyrirmynd sem byggði á lýsingu á gæðakennslustund samkvæmt hugmyndum leiðsagnarnáms.

Menntastefna og stefna skólans

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Í Hagaskóla er sérstök áhersla lögð á læsi og vellíðan nemenda.

Notuð eru lesfimiþróf og Orðarún til að meta lestur og lesskilning nemenda.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
1.1 Samvikni í stefnumótun				X	
1.2 Faglegt samstarf og samræða	X				
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu					
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	X				
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir					
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting				X	
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks					X

Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
2.1 Inntak og námskrá		X			
2.2 Árangur náms			X		
2.3 Gæði kennslu	X				X

2.4 Skipulag náms		X			
2.5 Námsvitund					
2.6 Ábyrgð og þátttaka			X		

Innra mat	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
3.1 Skipulag	X	X	X	X	X
3.2 Framkvæmd	X	X	X	X	X
3.3 Umbætur	X	X	X	X	X

Námsárangur nemenda	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Lesfimi	X	X	X	X	X
Matsferill					

Viðhorf og líðan	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Skólapúlsinn 2.-5. bekkur					
Skólapúlsinn 6.-10. bekkur	X	X	X	X	X

Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun					
SFS - Foreldrakönnun		X		X	
Stofnun ársins	X	X	X	X	X

3. Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Skólaárið 2024-2025 voru tveir kaflar Gæðaviðmiða um skólastarf metnir af starfsmannahópnum:


- 1.2 - Faglegt samstarf og samræða
- 1.4 - Umbætur og innleiðing breytinga.

Báðir þessir kaflar tengjast þeirri umbóta- og breytingavinnu sem verið hefur í gangi í Hagaskóla síðustu misseri, innleiðingu leiðsagnarnáms, umbótum á námsmati og gerð skólanámskrár.

Starfsmannahópnum var skipt í umræðuhópa og sett saman fagrað kennara sem stýrði umræðum, hitti svo stjórnendur og sameinuði niðurstöður umræðuhópanna þannig að úr varð mat sem hægt er að kalla sameiginlegt mat starfsfólks á þeim vísbendingum sem tilheyra þessum köflum.

Innlit í kennslustundir

Stjórnendur sátu 39 kennslustundir hjá öllum kennurum í nóvember og desember 2024 og mátu gæði skólastarfs samkvæmt marklista um leiðsagnarnám.



Niðurstöður

Styrkleikar

1.2 - Faglegt samstarf og samræða

- Starfsfólk upplifir meiri samræðu um fagleg málefni en áður.
- Innleiðing á leiðsagnarnámi hefur verið kennurum hvatning til þess að ræða kennsluhætti og árangur nemenda.
- Skólapróunarverkefni innan skólans eru sýnileg (hugsandi kennslurými t.d.)

1.4 - Umbætur og innleiðing breytinga



- Vilji og meðvitund stjórnenda um vandaða innleiðingu breytinga er til staðar.
- Stjórnendur eru virkir þátttakendur í umbótastarfi og breytingum og veita góðan stuðning.
- Skólaþróunarstarf er almennt í takt við stefnu og sýn skólans og í takt við umbótaáætlanir
- Gögn eru markvisst notuð til þess að taka ákvarðanir tengdar umbótum og breytingum.
- Upplýsingum um árangur í skólastarfi er vel miðlað til hagsmunaaðila.
- Tenging við háskólasamfélagið er góð


Annað sem kom fram sem styrkleikar í umræðuhópum og í fagraði.

- Innlit stjórnenda í kennslu hjá öllum kennurum voru hvetjandi og samtöl við kennara eftir innlit voru góð
- Innleiðing leiðsagnarnáms hefur verið skýr: markmið, leiðir og áherslursem eru valdar eru studdar með gögnum, t.d. eftir innlit í kennslustundir.
- Stjórnendur eru vel tengdir við starfið í skólanum.

Mat á innlitum í kennslustundir

- Námsmenning
- Hugarfar vaxtar og væntingar um framfarir nemenda.
- Virkni nemnda
- Umræður og vitsmunalegar áskoranir. Endurgjöf er víðast hvar í góðum farvegi. Nemendur virðast í langflestum tilfellum óhræddir við að spyrja, taka tilsögn og kennarar sýna þeim að það er óhætt að gera mistök og læra af þeim.





Tækifæri til umbóta

1.2 - Faglegt samstarf og samræða

- Efla má faglegt samstarf og samræðu við aðra skóla, stofna má til skólaþróunarverkefna við aðra skóla.
- Efla þarf liðsheild og draga úr mismunun milli starfsmanna.
- Efla þarf samtalshefðir og venjur innan starfsmannahópsins.
- Gera þarf starfsfólki grein fyrir að það er hlutverk stjórnenda að taka ákvarðanir eftir samráð og að það þýðir ekki að skoðanir eða álit fólks hafi verið hunsað.
- Faghópar innan kennarahópsins eru misvirkir. Stjórnendur gætu stigið inn í vanvirka faghópa og stutt þá til meiri faglegrar umræðu.
- Kynna þarf reglugerð um faglega hæfni og færni fyrir kennurum.

1.4 - Umbætur og innleiðing breytinga





- Skilgreina þarf ferli um það hvernig er brugðist við þegar niðurstöður mælinga á hæfni nemenda sýna slakan árangur.
- Bæta þarf upplýsingaflæði þegar árangur næst ekki.
- Skilgreina þarf betur með starfsfólki hvað telst vera árangur og hvenær honum er náð. Setja árangurviðmið fyrir skólastarfið í heild og gera sýnileg.
- Auka þarf samræmi í vinnubrögðum fólks, sérstaklega milli faghópa.

Annað

- Gera þarf niðurstöður allra mælinga og matsþátta sýnilegri fyrir kennurum og sýna þeim betur hvernig niðurstöður eru nýttar í umbætur.
- Það þarf að móta betur öll ferli sem tengjast nemendum með annað móðurmál en íslensku.

Mat á innlitum í kennslustundir

- Umræður og vitsmunalegar áskoranir. Þurfum að gefa nemendum tækifæri til að takast á við flókin viðfangsefni saman. Námsfélagar geta verið góð leið til að leggja vitsmunalegar áskoranir fyrir blandaða bekk.
- Þurfum að láta kennslustund hefjast á stuttum umræðum sem tengjast áhuga nemenda. Spyrjum nemendur hvort þau hafi náð námsmarkmiðum.
- Námsfélagar eru góð leið til efla samræður og virkja nemendur. Víða voru námsfélagar en skipulag þörunar og markviss notkun nokkuð ábótavant.
- Námsveggir eru gagnleg hjálpartæki fyrir nemendur.



4. Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda


Lesfímipróf MMS eru lögð fyrir alla nemendur þrisvar sinnum á ári.

Niðurstöður

Styrkleikar

Eftirtalin atriði eru skilgreind sem styrkleikaatriði:

- Nemendur í Hagaskóla lesa 10-21 orð fleiri en nemendur að meðaltali á landsvísu eftir árgöngum
- Fleiri nemendur í 9. og 10. bekk eru yfir 3. viðmiði MMS en gert er ráð fyrir (meira en 25% nemenda)
- Færri nemendur í 9. bekk eru undir 1. viðmiði MMS en gert er ráð fyrir (minna en 10% nemenda)
- Nemendur í öllum árgöngum bæta lesfimi sína verulega frá mælingu í september til mælingar í maí (129-147 í 8. bekk, 155-169 í 9. bekk, 162-180 í 10. bekk að meðaltali)




Tækifæri til umbóta

Eftirtalin atriði eru skilgreind sem umbótaatriði:

- Fjölga nemendum sem eru yfir 3. viðmiði í 8. bekk.

Greina betur stöðu nemenda sem eru undir 1. viðmiði og veita þeim markvissan stuðning.



5. Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir jafnt og þétt allt skólaárið. Í hverjum mánuði svaraði handahófskennt úrtak 40 nemenda könnuninni og niðurstöður settar inn í Bravo í janúar og júní.

Þeir þættir sem eru metnir eru

- virkni nemenda
- líðan og heilsa
- skóla- og bekkjarandi

auk opinna svara og aukaspurninga þar sem nánar er spurt út í upplifun nemenda af skólastarfinu.

Niðurstöður

Styrkleikar

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,0	334	0,3	4,2	19.656	0,8*
1.2. Þrautseigja í námi	5,1	335	0,1	4,5	19.793	0,6*
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,0	336	0,1	4,5	20.045	0,5*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,9	336	0,0	4,3	19.985	0,6*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,7	336	0,0	4,4	19.737	0,3*
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,1	336	0,1	4,8	19.976	0,3*
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	95,2%	319 _{/335}	13,4%	78,9%	15071 _{/19452}	16,3%*
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,5 klst.	319	0,1 klst.	0,5 klst.	15.018	0,0 klst.

Styrkleikar Hagaskóla birtast víða í niðurstöðum Skólapúlsins og meðal annars má sjá að nemendur skólans eru marktækt yfir landsmeðaltali í eftirfarandi þáttum:

- Ánægja af lestri
- Þrautseigja í námi
- Áhuga á stærfræði
- Ánægju af náttúrufræði
- Virk þátttaka í kennslustundum

- Kennarar og starfsfólk eru góð í stöðva stríðni og einelti


Þar að auki má greina í niðurstöðunum að mest allt skólaárið hafa nemendur nokkuð val um það hvernig þeir skila verkefnum, en það dregur úr því vali þegar nær dregur skóralokum þar sem próf eru víða lögð fyrir í lok skólaárs.

Nemendur eru einnig á viðmiði þegar kemur að trúá á eigin námsgetu og vinnubrögðum í námi, sjálfsáliti, stjórn á eigin lífi og vellíðan.

Þess má einnig geta að nemendur í Hagaskóla eru mun ánægðari með matinn í mötuneytinu, og mælast 8,3% yfir landsmeðaltali í þeim þætti.

Tækifæri til umbóta

- Val nemenda um það hvernig verkefnum er skilað má einnig taka til endurskoðunar og setja í samhengi við innleiðingu leiðsagnarnáms.
- Líðan nemenda.



6. Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Stofnun ársins 2024 var lögð fyrir í október til desember 2024 af Gallup. Niðurstöður bárust í mars 2025. Þátttaka var rétt við neðri viðmið eða aðeins 40% sem samsvarar 31 þátttakanda.

Þeir þættir sem eru metnir eru

- Stjórnun
- Starfsandi
- Launakjör
- Vinnuskilyrði
- Sveigjanleiki vinnu
- Ímynd
- Sjálfstæði í starfi
- Ánægja og stolt
- Jafnrétti

auk spurninga tengdum EKKO, nýliðafræðslu og tilgangi.

Niðurstöður

Styrkleikar

Þættir sem koma út á styrkleikabili (4-5, +/- eftir því hvort þáttur hækkar eða lækkar frá fyrri mælingu):

- Stjórnun (-)
- Starfsandi (-)
- Ímynd (+)
- Ánægja og stolt (-)
- Jafnrétti (-)

Tækifæri til umbóta

Þættir sem koma út á aðgerðabili (3-4, +/- eftir því hvort þáttur hækkar eða lækkar frá fyrri mælingu):

- Heildarmat (-)
- Vinnuskilyrði (+)
- Sveigjanleiki í vinnu (-)
- Sjálfstæði í starfi (-)

Þættir sem koma út undir 3:

- Launakjör (-)

7. Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Annað hvert ár leggur Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fyrir könnun meðal foreldra grunnskólabarnar. Könnunin var lögð úrtak foreldra í apríl 2024 en niðurstöður bárust í júní það sama ár. Svarhlutfall í Hagaskóla var 68,3% eða 110 af 161 í úrtaki.

Þeir þættir sem eru metnir eru

- Barnið og líðan
- Nám og kennsla
- Stjórnun skólans
- Um sérúrræði

auk opinna svara almennt og um sérúrræði.

Niðurstöður

Styrkleikar

Samsettar mælingar eru ekki settar fram fyrir þættina sem mældir eru þar sem hægt er að miða við meðaltöl eða styrkleykabil en eftirtalin atriði teljast til styrkleika

- Barninu líður vel í skólanum (80% foreldra sammála og meðalskor 4,0 - mesta bætingin þegar allar spurningar eru skoðaðar milli mælinga).
- Barnið tekur stöðugum framförum í náminu (75,5% foreldra sammála og meðalskor 3,8).
- Skólanum er vel stjórnað (88,4% foreldra sammála og meðalskor 4,1).

Tækifæri til umbóta

Samsettar mælingar eru ekki settar fram fyrir þættina sem mældir eru þar sem hægt er að miða við meðaltöl eða styrkleykabil en eftirtalin atriði teljast til styrkleika

- Foreldrar fá góðar upplýsingar um námsmarkmið og námsmat (kemur m.a. fram í opnum svörum en eru einnig þær spurningar þar sem lækkunin er mest milli mælinga).

8. Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Ekki metið

Niðurstöður

Styrkleikar

Ekki metið

Tækifæri til umbóta

Ekki metið

9. Umbótaáætlun Hagaskóla

Efla lærdómssamfélagið í Hagaskóla

- Markmiðið er að efla ígrundun og gagnrýna samræðu um starfshætti meðal starfsfólks og ólíkra faghópa.
- Fagleg samvinna í árgöngum. Leggja áherslu á að samvinna í árgangateymum fjalli að stórum hluta um fagleg málefni, nám og kennslu, samþættingu og þverfaglega samvinnu.
- Faglegir kennarafundir. Tryggja að fjallað sé um innleiðingu leiðsagnarnáms og fagleg málefni a.m.k. einu sinni í mánuði á kennarafundum.
- Sameiginleg starfspróun. Útbúa starfspróunaráætlun sem tekur mið af umbótaáætlun.
- Umsókn í Erasmus+.
- Leshringir.
- Innlit stjórnenda, BLINK, heimsóknir í Fagdeildir.
- Að allt starfsfólk þekki nýja reglugerð um hæfni og færni kennara. Reglugerðin verður kynnt á kennarafundi. <https://island.is/reglugerdir/nr/1355-2022>
- Grein Önnu Kristínar Skóli.sem.lærdómssamfélag <https://uni.hi.is/aks/files/2013/12/Sk%C3%B3linn-sem-l%C3%A6rd%C3%B3mssamf%C3%A9lag.pdf>

Skýra verklag og ferla og leiðir í nýtingu upplýsinga

- Að nýta niðurstöður innra og ytra mats og mælingar til að bæta skólastarf, við skipulag kennslu og til að efla árangur og framfarir nemenda. Verkefni hafið við greiningu á gagnsemi og nýtingu gagna (SOR).
- Útbúa leiðbeiningar og verklag hvernig brugðist er við slökum árangri/ástundun/skólasókn nemenda.
- Vinna að innri vef skólans. Starfshópur. Skrá niður hvernig hlutirnir eru gerðir.
- Niðurstöður á innri vef og heimasíðu skólans eftir þörfum. Kynna á kennarafundum.

Tryggja góða færni nemenda í lestri

- Nota niðurstöður lesfimiprófa MMS.

- Fjölga nemendum sem eru yfir viðmiði 3 í 8.bekk og greina betur stöðu nemenda sem eru undir viðmiði 1 og veit þeim markvissan stuðning.
- Fjölga íslenskukennurum og auka þannig stuðning við nemendur og tryggja stuðning við lestrarþjálfun.
- Fjölga tímum í móðurmálskennslu.
- Bæta þjónustu við nemendur sem hafa íslensku ekki sem fyrsta tungumál.
- Fá ráðgjöf frá kennsluráðgjafa með læsi sem sérfræðisvið.
- Tengiliðir árgangateyma.

Leggja áherslu á starfsanda og að byggja upp jákvæða menningu meðal starfsfólks. Efla sterka liðsheild og draga úr mismunun.

- Fá fræðslu og ráðgjöf frá Vöndu Sigurgeirsdóttur.
- Vinna að samskiptasáttmála.
- Hópefli og upptökur fyrir starfsfólk.
- Ræða samskipti reglulega á kennarafundum.
- Fjölbreyttara félagslíf

Áhersla á vellíðan nemenda

- Árgangateymi sem halda þéttar utan um nemendahópinn og umsjónartími þar sem umsjónarkennari hefur möguleika á viðtölum við nemendur.
- Fjölgun starfsmanna í ráðgjöf í nemendapjónustu.
- Tryggja viðveru hjúkrunarfræðings og sálfræðings í skólanum